



**PANTAÐU  
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Fjölmennti var á íþrótt- og tómstundabingi sem fram fór í Váhhúsaskóla laugardaginn 1. mars. Sjá nánar á bls. 5.

## Fjögur framboð á Nesinu

Nú er ljóst að fjögur framboð munu koma fram vegna bæjarstjórnarkosninganna á Seltjarnarnesi á komandi vori.

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins var birtur fyrir allnokkru og mun Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri leiða hann og Margrét Linda Ólafsdóttir mun leiða lista Samfylkingarinnar líkt og fyrir síðustu kosningar. Neslistinn mun bjóða fram eins og síðast en þar er ekki búið að ákveða með efsta mann. Það er að koma

fram framboðslisti undir merkjum Framsóknarflokksins. Þetta eru sömu framboðsaðilar og buðu fram við síðustu bæjarstjórnarkosningar en áður höfðu Seltirningar aðeins haft um tvö framboð að velja um nokkurt skeið – framboð Sjálfstæðisflokksins og Neslistans. Sjö bæjarfulltrúar eru á Seltjarnarnesi og hafa sjálfstæðismenn fimm bæjarfulltrúa, Samfylkingin einn og Neslistinn einn á því kjörtímabili sem nú er að líða.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

**24**  
Hagkaup

**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi

Sundagörðum 2 Sími: 533 4800

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum á Seltjarnarnesi óskum við eftir eignum í sölu.

Góður sölutími framundan.

- Sölumat án skuldbindingar
- Persónuleg þjónusta
- Myndataka af atvinnuljósmyndara
- Vönduð sölugögn
- Sanngjarn sölukostnaður

Hafið samband við Gylfa Þórisson sölustjóra í síma **822-0700** eða á netfangið **gylfi@midborg.is**

Gylfi Þórisson  
Sölustjóri

Björn Þorri Viktorsson  
Hfl. og Lögg. Fasteignasali

græn heilsa

Ægisíða 121  
Sími 551 1717

Opið alla virka daga  
frá kl. 10 – 17.30.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



Hafðu bankann með þér

Íslandsbanki

# NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórhur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift fritt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

## Leiðari

### Byggja á 57 íbúðir á næstu tveim árum

Í Nesfréttum í dag birtist frétt um að Upphaf fasteignafélag hafi keypt lóð á Hrólfsskálamel af Seltjarnarnesbæ. Talað er um að þar verði byggðar íbúðir á verði sem henti fyrir ungt fólk. Þessi áform eru fagnaðarefni vegna þess að nauðsynlegt er að fá fleira ungt fólk til að setjast að á Nesinu. Þarna á að byggja 34 litlar og meðalstórar íbúðir sem gætu vel hentað yngra fólk.

Byggingafyrirtækið Stólpar eru að hefja byggingarframkvæmdir við Skerjabraut þar sem byggja á 23 íbúðir. Byggingarfasvæðið sem enn er óbyggt en þar á að hefja uppbyggingu í næstu framtíð og stefnt að fjölmennri byggð.

Ungu fólk sem hefur hug á að setjast að á Nesinu hefur ekki staðið til boða að fá að kaupa íbúðir á Seltjarnarnesi, á viðráðanlegu verði vegna þess að framboðið hefur verið of lítið. Það húsnæði sem hefur verið til sölu er of dýrt fyrir ungt fólk sem er að byrja búskap.

Nú er þetta ef til vill að breytast. Bæjarfélaginu er lífsnauðsynlegt að fleira ungt fólk flytji á Nesið. Meðalaldur hefur verið að hækka og fólk að fækka. Við erum með góða skóla og leikskóla, öflugt íþróttastarf og höfum margt að bjóða. Það verður að fjölga börnum og ungmennum til þess að manna skólana, leikskólana og íþróttafélögin. Einnig þarf að fá meira af yngra fólk – með öðrum orðum skattgreiðendur á Seltjarnarnes. Þessi nýbyggingaráform eru því gleðitíðindi fyrir Seltirninga.

### Upphaf fasteignafélag kaupir lóð á Hrólfsskálamel 1-7:

## Byggja 34 litlar íbúðir á hagstæðu verði

Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samþykkt að taka tilboði Upphafs fasteignafélags í byggingaréttinn að Hrólfsskálamel 1 til 7 á Seltjarnarnesi. Þar hyggst félagið byggja 34 litlar tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir í þriggja til fimm hæða fjölbýlishúsi til að mæta síaukinni eftirspurn eftir hagkvæmu húsnæði. Íbúðirnar verða hannaðar með þarfir ungs fjölskyldufólks í huga sem vill kaupa sér sína fyrstu eða aðra íbúð og fyrir eldra fólk sem kys að minnka við sig. T.a.m. er stefnt að því að íbúðir hússins verði í minni kantinum eða á bilinu 65-110 fermetrar.

Undirbúningur byggingu fjölbýlishússins er þegar hafinn og er stefnt að því að afhenda fyrstu íbúðir snemma árs 2016.

„Hrólfsskálamelur er ákjósanlegur staður fyrir þann markhóp sem Upphaf fasteignafélag leggur höfuðáherslu á. Í næsta nágrenni eru leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, líkamsrækt og íþróttastaða, sundlaug og önnur þjónusta í verslunarkjarnanum á Eiðistorgi“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

„Við finnum fyrir mikilli eftirspurn eftir litlum hagkvæmum og

vel hönnuðum íbúðum fyrir ungt fjölskyldufólk, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Lóðin við Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi er kjörin fyrir uppbyggingu íbúða sem uppfylla þessar kröfur. Staðsetningin er líka frábær þar sem öll þjónusta er í göngufæri. Þetta er kjörin staðsetning fyrir ungt fólk sem lætur stutta vegalengd milli heimilis og skóla sig miklu varða,“ segir Pétur Hannesson framkvæmdastjóri Upphafs fasteignafélags.

### Um Upphaf fasteignafélag

Upphaf fasteignafélag er umsvifamikill fjárfestir í þróun og byggingu lítilla og miðlungsstórra íbúða fyrir fjölskyldufólk. Félagið vinnur nú að fjölmörgum íbúðaverkefnum í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ og Hafnarfirði og er um þessar mundir að ljúka við 75 íbúðir í Kórahverfi Kópavogs. Félagið er í eigu sjóðs í rekstri hjá fjármálafyrirtækinu GAMMA en að baki sjóðnum stendur öflugur hópur fag- og stofnanafjárfa.

**HÁGÆÐI.IS**  
**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**  
**FLÍSALAGNIR.IS**



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Nesbíúinn



Mun þá meðalaldur á Nesinu lækka!

# Reykjavíkur Apótek



Í tilefni þess að Reykjavíkur Apótek verður **5 ára þann 21. mars** munu allar vörur verða á **20% afslætti** fyrir utan lyf, dagana **20.-29. mars**.

Þar kennir margra grasa, fjölbreytt úrval heilsuvara, bað- og ilmvara, gjafavara auk ýmissa annarra góðra kosta.

Við bjóðum alla velkomna til þess að fagna með okkur og njóta góðra kjara.



## Afgreiðslutími:

9-18:30 virka daga  
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek



Bæjarmörk Seltjarnarnes og Reykjavíkur við Nesveg.

## Frárennslisfram- kvæmdir við Nesveg

Talsverðar framkvæmdir eru hafnar við Nesveg. Þær munu valda nokkru raski á umferð á næstunni og verða þeir sem leið eiga um að taka nokkurt tillit til þeirra.

Þórður Búason skipulags- og byggingarfulltrúi Seltjarnarnesbæjar segir í samtali við Nesfréttir að jarðvinnuframkvæmdir hafa staðið í nærri tvær vikur við dælubrunn og nú fari að hefjast framkvæmdir við þrýstilögn frá dælubrunninum að skolpveitubrunni sunnan við Sörlaskjól. Um

110 mm þrýstilögn verður lögð í grasræmu milli lóða og gangstéttar eða akbrautar á rúmlega meters dýpi þar sem það á við. Þórður segir að reynt verði að hraða þessum framkvæmdum og tryggja að ónæði íbúa sem búa við Nesveg og þeirra sem leið eiga um verði sem minnst. Þórður minnti á dreifibréf sem borðið var í hús í grennd vinnusvæðisins um liðin mánaðamót. Það eru Seltjarnarnesbær og Loftorka sem standa að framkvæmdunum.

## Aðalfundur framundan?

**Heildarlausn í  
rekstri húsfélaga.**



[www.eignausmjon.is](http://www.eignausmjon.is)  
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

## Grjót úr Lýsislóðinni sparar Seltirningum milljónir

Seltjarnarnesbær hefur komist að samkomulagi við verkataka sem nú eru að störfum á Lýsislóðinni um að fá efni frá þeim endurgjaldslaust. Gera má ráð fyrir að með samkomulaginu sé bærinn að spara margar milljónir þegar til langs tíma er lítið.

Á næstu misserum hefur Seltjarnarnesbær í hyggju að fara í viðhaldsvinnu á sjóvarnargörðum sem víða eru farnir að láta á sjá. Gríðarlegur kostnaður felst í því að kaupa og flytja grjótið, sem notað er í garðana á staðinn. Þar til farið verður í framkvæmdir verður efnið haugsett í fjöruborðinu við Bygggarðavör. „Við höfum verið í miklum sjóvarnarframkvæmdum

allt frá árinu 1990 og höfum varið til þess tugum milljóna króna,” sagði Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri. „Eins og menn vita liggur Seltjarnarnesið mjög lágt og er af þeim sökum mjög viðkvæmt fyrir ágangi sjávar. Til þess að sporna við landbroti og til að verjast ágangi sjávarins hefur sjóvarnargarður verður lagður nánast allan hringinn í kringum Nesið. Nýlega gerði verkfræðingur bæjarins úttekt á sjóvörnum á Seltjarnarnesi og þá kom í ljós að garðurinn hefur víða látið mikið á sjá vegna mikillar ágíafar sjávar undanfarin ár. Það er því kærkomið fyrir bæinn að þiggja efnið úr Lýsislóðinni og á eftir að spara okkur miklar upphæðir,” segir Ásgerður.

## Ný Gróubúð á Grandagarði

Ný og stærri björgunarmiðstöð var opnuð á Grandagarði 1 í Reykjavík á 70 ára afmæli Björgunarsveitarinnar Ársæls. Björgunarmiðstöð hefur fengið heitið Gróubúð.

Biskup Íslands sr. Agnes Sigurðardóttir vígði miðstöðina að viðstöddum forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni ásamt

fjölförgum öðrum gestum. Að lokinni athöfn söng karlakór Sjómannaskólans nokkur lög og gestum var boðið að skoða húsnæðið. Árið 1999 sameinuðust Björgunarsveit Ingólfs í Reykjavík og Björgunarsveitin Albert á Seltjarnarnesi undir nafninu Ársæll. Ingólfur var stofnaður 28. febrúar árið 1944 og Albert árið 1968.



Bæjarmálafélag  
Seltjarnarnes

## Aðalfundur Bæjarmálafélags Seltjarnarnes

Aðalfundur Bæjarmálafélags Seltjarnarnes verður haldinn mánudaginn 31. mars 2014 að Austurströnd 1 (fundarsal Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar) og hefst fundurinn kl. 20:00.

Á dagskrá fundarins verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 7. grein í samþykktum félagsins og umræður um framboðsmál.

Gestir velkomnir.

Stjórnin.

# Fjölmennnt íþróttapíng í Való

Fjölmenni var á íþrótt- og tómstundapíngi sem fram fór í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi laugardaginn 1. mars og var gerður góður rómur að framtaki ÍTS um að standa að slíku samráði við bæjarbúa. Þar var stefnumótun í íþrótt- og æskulýðsmálum undirbúin

Markmiðið með þínginu var að stíga fyrstu skrefin í mótun framtíðarstefnu í íþrótt- og tómstundamálum á Seltjarnarnesi. Tilgangurinn með því var að efna til opinnar samræðu íbúa og kalla eftir hugmyndum, skoðunum og væntingum bæjarbúa og allra aðildarfélaga til málefnisins. Undir skilgreininguna fellur öll tómstundaiðkun sem og félags- og æskulýðsstarf fólks á öllum aldri, en á þínginu var einnig mikið rætt um útivist, forvarnir og lýðheilsu.

Framtíðarstefna íþrótt- og tómstundamála Seltjarnarness verður meðal annars byggð á þeim gögnum og niðurstöðum sem fengust á þínginu í því skyni að efla og virkja skoðanir og hugmyndir íbúanna sjálfra.

Myndirnar eru frá íþrótt- og tómstundapínginu sem fram fór í Valhúsaskóla.



## SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2014

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 17 ára og eldri (fædd 1997 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf og ýmis afleysingastörf. Einnig er auglýst eftir fólki 20 ára og eldri (1994 og eldri) í störf flokkstjóra og leiðbeinenda vegna ævintýra- og leikjanámskeiða og smíðavallar. Opnað verður fyrir umsóknir um störf 24. mars n.k. Sjá nánar á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2014**

## VINNUSKÓLI 8. – 10. BEKKUR

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 1998. Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 1999 og 2000. Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 10. júní til 25. júlí.

**Umsóknarfrestur er til 1. maí 2014**

**Vinnuskólinn verður settur 10. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla**

Sótt er um störf á Rafrænu Seltjarnarnesi, <http://rafraent.seltjarnarnes.is>. Sjá heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)  
Nánari upplýsingar varðandi störf í áhaldahúsi og Vinnuskóla eru veitt í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.  
Upplýsingar um störf á leikjanámskeiðum eru veittar í Félagsmiðstöðinni Selinu í síma 5959 177

Allt er fertugum fært:

# Seltjarnarnesbær fagnar 40 ára afmæli 9. apríl

„Það er spennandi verkefni að halda utan um afmælis dagskrá Seltjarnarnesbæjar, sem fagnar fertugasta kaupstaðarafmæli sínu miðvikudaginn 9. apríl. Allt er fertugum fært og Seltjarnarnes, sem búið er að slíta barnskónum og hlaupa af sér hornin, er nú fullproskað samfélag, nánast fullbyggt og fullskipulagt og býður upp á ótal tækifæri fyrir fólkið sem þar býr. Árið verður varðað viðburðum sem tengjast afmælinu, en þar má meðal annars nefna útgáfu Seltirningabókar á rafrænu formi, sem verður gerð öllum aðgengileg, gerð nýrrar heimasíðu fyrir bæinn, útgáfu á veglegu afmælisriti auk þess sem reglubundnum hátíðum verður gert hærra undir höfði af þessu tilefni. Þá mun bærinn taka þátt í hátíðarhöldum sem tengjast merkisviðburðum annarra stofnana á Nesinu, en fjölmargar þeirra fagna einnig stórafmæli á þessu ári,“ segir Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs á Seltjarnarnesi.

„Hvað afmælisdaginn sjálfan áhrærir,“ heldur hún áfram „þá er hugmyndin að þetta okkur bæjarbúum saman, skapa góða stemningu og hvetja alla til þátttöku í veisluhöldunum. Að morgni afmælisdagsins ættu bæjarbúar ekki að fara varhluta af afmælisdeginum og allan daginn verða stofnanir og fyrirtæki í bænum með glaðning og gleði af ýmsum toga fyrir bæjarbúa. Það er líka með mikilli gleði og stolti sem ég get upplýst um það að á afmælisdeginum munum við afhjúpa að nýju eitt veigamesta listaverk Seltirninga, Skyggst bak við tunglið eftir Sigurjón Ólafsson. Verkið hefur ekki verið uppi um langt skeið en hefur nú fengið verðskuldað viðhald, nýjan, glæsilega stöpul og nýja staðsetningu sem er á torginu á mótum sundlaugarinnar og heilsugæslunnar.

## Meginhátíðahöldin á Eiðistorgi

Megin hátíðarhöld afmælisdagsins fara fram



Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs á Seltjarnarnesi.

í miðbæjarkjarnanum okkar á Eiðistorgi sem verður skreyttur hátt og lágt. Þar verður bæjarbúum boðið upp á sértillíuð Seltjarnarness góðgæti, sem Veislan og Björnsbakarí framreiða. Trúðar verða á torginu og skemmta börnunum, Jóhann Helgason flytur ásamt kórum Ingu Bjargar Stefánsdóttur Seltjarnarneslagið og öllum grunnskólakrökkum, sem koma á torgið, verður gefinn sérstaklega merkt margnota vatnsflaska. Hvað Seltjarnarneslagið áhrærir þá samdi Jóhann Helgason það við texta Kristjáns Hreinssonar þegar sá fyrrnefndi var útnefndur bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2007, en ég hef alltaf saknað þess að heyra það ekki oftar, enda

nokkurs konar þjóðsöngur okkar Seltirninga. Í sýningarsalnum Eiðisskeri á Bókasafninu verður opnuð sýning með þremur af okkar virtustu myndlistarkonum þeim Guðrínu Einarsdóttur, Kristínu Gunnlaugsdóttur og Sigrúnu Hrólfsdóttur og þykir mér sannur heiður af því að fá þær til að sýna í salnum. Bæjarlistamaðurinn okkar Ari Bragi Kárasón verður á torgi Bókasafnsins með einvalalið hljóðfæraleikara og hina yndislegu söngkonu Sigríði Thorlacius í broddi fylkingar þar sem þau flytja blöndu af þekktum, íslenskum dægurlögum í bland við ameríska standarda. Það má segja að Eiðistorgið muni iða af lífi og fjöri því öll fyrirtækin þar ætla að taka þátt í afmælisdeginum með einum eða öðrum hætti, t.d. tilboðum, kynningum, gjöfum og öðru slíku. Gert er ráð fyrir að hátíðarhöldunum á torginu ljúki um kl. 19. Þá gefst tími til að fá sér bita áður en næsti viðburður tekur við, en það eru glæsilegir tónleikar í Seltjarnarneskirkju þar sem fram koma fremstu tónlistarnemar Tónlistarskóla Seltjarnarness ásamt Selkórnum sem hefur eftir sérstakt prógramm sem allir ættu að hafa unun af.

## Pétur H. Ármannsson talar um byggingaarfinn

Daginn eftir eða fimmtudaginn 10. apríl verður boðið upp á flaututírós tónleika í Bókasafninu, en laugardaginn 12. apríl fer fram einn af merkisviðburðum afmælisársins, sem ég hvet Seltirninga til að mæta á, en það er fyrirlestur Péturs H. Ármannssonar arkitekts sem hann nefnir Setljarnarnesið og byggingararfurinn. Þar fer Pétur yfir afar merkilega byggingarlistarsögu Seltjarnarness í máli og myndum, en hann hefur verið að rannsaka þessa sögu um nokkurt skeið. Fyrirlesturinn verður haldinn í Bókasafninu og hefst kl. 13,“ segir Soffía. Hún bætir við að dagskránn sé að finna á heimasíðu bæjarins og einnig á Facebook síðunni.

## Gólfdukur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið  
hjarta heimilisins



Svefnherbergið  
þægilegt andrúmsloft



Forstofan  
einfaldara verður það ekki



Stofan  
alltaf jafn heimilislegt



Baðherbergið  
hlýtt og mjúkt undir fæti



Heimilisdukur, sígild lausn:  
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval  
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með  
gólfdukk og teppi

**KJARAN**

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

# Margrét Linda leiðir lista Samfylkingarinnar

Samfylkingin mun bjóða fram lista við bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnarnesi á komandi vori. Margrét Linda Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi mun leiða listann.

Margrét Linda er varaformaður Kvinnahreyfingar Samfylkingarinnar og starfar sem sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun. Guðmundur Ari Sigurjónsson félagsfræðingur skipar annað sæti listans og Eva Margrét Kristinsdóttir það þriðja. Aðrir á listanum eru; Eva Margrét Kristinsdóttir lögfræðingur, Magnús Dalberg viðskiptafræðingur, Sigurbóra Bergsdóttir ráðgjafi, Jakob Þór Einarsson ráðgjafi, Laufey Elísabet



Margrét Linda Ólafsdóttir.

Gissurardóttir þroskaþjálfari og Stefan Bergmann dósent.

**NES FRÉTTIR** Auglýsingasími: 511 1188

# Safnaðarfundur Seltjarnarnessóknar

Aðalsafnaðarfundur Seltjarnarnessóknar verður haldinn laugardaginn 12. apríl kl. 10:30 í Seltjarnarneskirkju.

Fundurinn verður í sal sunnudagaskólans á neðri hæð kirkjunnar. Fundarfnir er venjuleg aðalfundarstörf eins og þau eru skilgreind í starfsreglum sóknarnefndir. „Við hvetjum fólk til að sækja fundinn og nýta þannig rétt sinn til að hafa áhrif á starfið í kirkjunni,“ segir í fréttatilkynningu frá sóknarnefnd.

## Áfram samið við Rannsókn og greiningu

Sigrún Hvanndal yfirfélagsráðgjafi Félagsþjónustu Seltjarnarness og Jón Sigfússon framkvæmdastjóri Rannsóknar og greiningar undirrituðu áframhaldandi samstarfssamning til fjögurra ára í byrjun febrúar.

Samningurinn felur í sér að Rannsókn og greining leggi áfram kannanir fyrir efstu bekk grunnskólans, greini gögnin og leggi fram til kynningar að því loknu. Könnunin snýr að hógum, líðan og neyslu nemendanna og hefur verið gerð um árabil. Um þessar mundir eru 12.000 ungmenni í 8., 9. og 10. bekk á landinu öllu að svara könnuninni en að jafnaði hefur svörun á landsvísi verið um 90%. Gera má ráð fyrir að niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir í síðari hluta aprílmánaðar.



## Jafnvægið býr í Systrasamlaginu

- Fallegt handbragð - Fallegt efni - Falleg hugsun - Fallegt innihald -

Nærandi matur Systrasamlagsins, meðal annars þeytingar og skot

Jógadýnur og fylgihlutir af bestu gæðum frá Manduka

Nærandi náttúruilmir og ilmvoðn 10 tegundir!

Viridian vítamín án allra auka- og fylliefna



Fallega hönnuð lífræn jóga/íþróttar/þægindaföt frá Prancing Leopard

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI  
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)

AFGREIÐSLUTÍMI:  
Virkir dagar  
Laugardagar

9 - 18  
10 - 16

## Viðtal við Ara Braga Kárason

## „Þú bara spilar“

**A**ri Bragi Kárason trompetleikari hefur verið áberandi í tónlistarlífi Seltjarnarness frá unga aldri. Hann býr að fjölbreyttu tónlistarnámi, sem hófst við Tónlistarskóla Seltjarnarness og var snemma áberandi í íslensku tónlistarlífi. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ari Bragi skipað sér í raðir fremstu tónlistarmanna hér á landi. Hann er bæjarlistamaður Seltjarnarness 2014 og átjándi Seltirningurinn til að hljóta þá nafnbót. Ari Bragi settist niður með Nesfréttum í bókasafni Seltjarnarness á dögunum og rifjaði þar aðeins upp æsku sína og tónlistarferil.

Hann segir tónlistina alltaf hafa blundað í sér en hann hafi líka verið gripinn glöðvolgur til að grípa í spilamennsku strax á barnsaldri. Þegar faðir Ara Kári Húnfjörð aðstoðarskólalastjóri Tónlistarskóla Seltjarnarness stofnaði Bossa Novabandið á sínum tíma fylgdist sonurinn með af áhuga. Hann segir sumarvinnu sína þegar hann var sex, sjö og átta ára hafa verið að róta fyrir Bossa Nova. „Stundum vantaði slagverksleikara með bandinu og þá voru mér fengnir kjuðarnir alveg óumbeidd og sagt að spila. Ég var líka strax tengdur lúðrasveitinni sem pabbi stjórnaði og fyrirmyndir mínar voru strákarnir í brassinu og lúðrasveitinni. Ætli ég hafi ekki verið sex eða sjö ára þegar ég fór fyrstu utanlandsferðina með lúðrasveitinni. Ég spilaði líka eitt sinn með í lúðrasveitakeppni en kunnir engar nótur. Varð bara að leika þetta eftir eyranu.“



Ari Bragi ásamt foreldrum sínum Ingunni Þorlákssdóttur og Kára Húnfjörð Einarssyni eftir að hafa veitt viðurkenningu bæjarlistamaður Seltjarnarness 2014 viðtöku.

### Var alltaf í kringum pabba

Ari segist alltaf hafa verið í kringum pabba sinn í tónlistaskólanum. „Ég skrapp oft þangað í löngu frímínútum í Mýró enda ekki langt að fara. Hið formlega tónlistarnám byrjaði á blokkflautu en mér fannst ég aldrei ná almenlegum tókum á henni og fór þá yfir á klarínnett sem ég lærði á í fimm ár. Um 12 ára aldur kom dálítið eyða í tónlistina hjá mér. Við fluttum þá af Nesinu um tíma og inn á Melana í Reykjavík og

ég hætti í tónlistarskólanum. Þetta tímabil stóð þó ekki lengi. Þegar ég var á 16. árinu kviknaði áhugi minn á jassi. Ég fór meðal annars að hlusta á gömlu meistarana, menn á borð við Miles Davie og ég fann nýja þörf til þess að spila. Hún kom að mér með öðrum hætti. Áður hafði ég hræst í þessu og verið ýtt svolítið áfram. Ég leit á það sem sjálfssagðan hlut í umhverfinu sem ég ólst upp í en nú kom þessi þörf innan frá. Ekkert í umhverfinu

þröngvaði mér til að fara aftur af stað. Ég fór að hlusta og þörfin til þess að spila varð til.“

### Fór aldrei á rafvæddu brautina

Ari segir að tónlistarsmekkur sinn hafi breyst á þessum tíma. „Ég held mig við blásturinn. Fór aldrei inn á rafvæddu brautina þótt margir af mínum jafnöldrum eða eigum við að segja minni kynslóð væru á þeirri línu. Þetta var á þeim tíma þegar pönkið var að fjara út en háskólarokkið var í tisku. Ég er af kynslóð raftónlistar en fór þó aldrei inn á þá braut. Tónlistarstefnur fara jafnan í hring í tímanum og margt sem hverfur kemur aftur ef til vill í breyttri mynd en þó alls ekki alltaf. Jassinn er ekki þeirrar gerðar. Hann breytist og nýjar útfærslur og túlkanir kom fram en í grunninn er hann sá sami. Hluti af hinni klassísku tónlist.“

### Önnur tíðni í New York

Ari segir aldrei annað hafa komið til greina en halda á vit tónlistarinnar. „Ég fór í Tónlistarskóla FÍH þegar ég var 15 ára og útskrifaðist 18 ára – sá yngsti sem hefur

## Eru tryggingarnar þínar í lagi?

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

**VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk**



**Kristinn Rúnar Kjartansson**  
kristinnk@vis.is  
Sími 560 5155 | GSM 820 0762



útskrifast þaðan og á sama tíma útskrifaðist ég með klassískt framhaldsskólapróf. Þaðan lá leiðin út til Bandaríkjanna. Til New York til framhaldsnáms. Einhver þrjóska var í mér og metnaður sem rak mig áfram. Ég var í fimm ár vestra utan að ég kom heim í eina önn svona til þess að laga rauðu tölurnar í heimabankanum. Ég tel mig hafa haft mjög gott af dvölinni í New York. Ég kynntist listum og menningu eins og þær gerast bestar og sérstaklega því hvað allar listgreinar voru á háum standard. Alveg var sama hvert maður fór og hvað maður sá og heyrði. Hvort það var tónlist, dans, leikhús, myndlist eða að heimsækja bókasafnið. Alls staðar lá mikill metnaður að baki því sem verið var að gera. Fólk lagði sig fram enda samkeppnin mikil. Ég held að ég hafi verið snöggur að átta mig á hversu skapandi þetta umhverfi var og var hvetjandi að fylgjast með því. Þetta hafði mikil áhrif á sköpunargleðina.“

## Síminn fór að hringja

Ari kom heim frá New York í janúar á síðasta ári. „Mér fannst gott að koma heim. Þegar fréttist af mér fór síminn að hringja. Mér buðust ýmis verkefni. Ég hef haft mikið að gera hér heima allt síðastliðið ár. Ég get hins vegar ekki neitað því að stundum sakna ég New York. Ég sakna fjölbreytninnar og kraftsins sem einkennir menningarlíf-ið.“ Ari segir nauðsynlegt að vera á toppnum til þess að ná árangri í því umhverfi. „Þetta er önnur tíðni en við erum vön hér heima. Hér geta menn leyft sér að vera aðeins kærulausari. Það er svona meira skandínávískt tempó í okkur. Við erum einhverstaðar á milli austurs og vesturs í þessum efnun rétt eins og í hafinu. Ég er þó alls ekki að segja að við lifum í einhverri hægð því hér er marga kraftmikla aðila að

finna bæði í tónlistinni og annarsstaðar sem láta ekkert stöðva sig.“

## Orðnir tónlistarútflytjendur

Ari hefur eingöngu unnið að tónlistinni frá því að hann kom heim. Hann hefur meðal annars verið að spila í leikhúsunum og tekið önnur tilfallandi verkefni að sér auk kennslu. Hann hefur áhuga á að koma hljómsveit á fót og er þegar farinn að vinna að því. „En það er svo mikið að gera hjá góðum tónlistarmönnum í dag að vandi er að ná fólki saman til þess að spila. Ég er líka farin að huga að plötuútgáfu og við verðum að sjá hvernig til tekst. Þessi gróska er í tónlistarlífnu hér heima nær einnig til annarra landa. Íslenskt tónlistarfólk er að starfa að ýmsum verkefnum í útlöndum bæði á eigin vegum og einnig er tónlistarfólk héðan ráðið til starfa af erlendum aðilum. Og þá á ég ekki eingöngu við dægurtónlist og jass heldur erum við að fást við þetta á öllum sviðum.“

Ari segir enga eina skýringu á þessu. Þær séu bæði listrænar og viðskiptalegs eðlis. „Við eigum margt af frjóu fólki og frábærum flytjendum en þetta snýst líka um að komast inn fyrir dyrnar ef svo má segja. Þegar þangað er komið opnast ýmsir möguleikar.“ Ari segir að Sykurmolararnir og Björk hafi verið frumkvöðlar á þessu sviði. Mezzoforte hafi komið á eftir og síðan Sigurros, Gus Gus, Of monsters and men og fleiri mætti nefna. „Þegar einn sleppur inn fyrir þá koma aðrir á eftir en þeir verða líka að hafa eitthvað að bjóða. Við erum orðnir alvöru útflytjendur á tónlist. Mikill áhugi er fyrir Íslandi víða um heim nú um stundir. Íslensk tónlist og bókmenntirnar fara víða. Tónlistin fer um allt. Bókmenntaverk eru þýdd á önnur tungumál. Eiginlega er sama hvar borið er niður. Ísland nýtur athygli umheimsins á

ýmsum sviðum. Ástæðurnar eru eflaust margar og tónlistin er hluti af því. Íslandssandið hljómar víða.“

## Var ekki í toppformi

Ari segir afskaplega gott að hafa alist upp á Seltjarnarnesi. Vel hafi verið haldið utan um sig bæði heima og í skólunum og Gróttu þar sem hann spilað bæði fótbolta og handbolta. „Íþróttamaðurinn í mér fjaraði út á þrettánda eða fjórtánda árinu og ég hætti að stunda íþróttir. En það varð þó aðeins um tíma vegna þess að um tvítugsaldurinn vaknaði þessi áhugi aftur til lífsins. Að sumri til þegar ég var heima frá Ameríku dvölinni tók frændi minn mig með sér á æfingu. Ég hélt að ég væri í toppformi og óbrjótanlegur en á æfingunni komst ég að því að svo var aldeilis ekki. Í dag er ég að æfa spretthlaup með ÍR. Það er gott að eiga það í bakhöndinni. Miklu betra en að fara til sálfræðings. Þegar maður byrjar að hlaupa slokknar á tónlistinni. Maður slakar alveg á frá hinu daglega amstri og þeim skyldum sem maður hefur tekist á herðar. Annað hvort er að eiga þetta að eða að leita til Bakkusar en hann getur verið svolítið óþægur og tekið völdin þegar minnst varir. Hann leikur menn misgrátt og það er ekki hægt að treysta á hann.“

Ari segir að hann sé í mun betra formi eftir að hann fór að hlaupa. „Það fylgir því ákveðið öryggi að vera í góðu formi. Ég þarf líka að standa á sviðinu og hafa loft í lungunum til þess að blása. Trompetinn er líkamlega erfitt hljóðfæri að því leyti að hann er ekki í ólíkt og saxafónninn og maður verður að halda á honum í höfuðhæð um leið og maður blæs.“

## Þú bara spilar

En hvað skyldi vera Ara hugleikið sem skemmtileg atvik í uppveitinn-

um á Seltjarnarnesi. Hann tekur sér ekki langan tíma til umhugsunar. „Þegar tónlistarskólinn á Seltjarnarnesi stóð fyrir flutningi á írskri tónlist. Tinflautan kemur mjög við sögu í þeirri tónlist og þá ekki síst í þjóðlagatónlistinni. Tinflautunni var bara stungið upp í mig ef svo má segja. Ég man ekki eftir því að ég hafi verið spurður um hvort ég gæti eða vildi spila á hana. Pabbi sagði „þú bara spilar.“ Við komum fram í Dagsljósi sem var forveri Kastljóssins hjá RÚV og spiluðum á Hótel Sögu. Þetta var góður stökkpallur fyrir öryggið að spila nótalaust og skemmta fólki. Þetta var bara hugarsmíð sem spratt upp innan tónlistarskólans. Pabbi og Gylfi skólastjóri áttu þar mestan hlut að máli. Eftir að brassandið hætti var verið að biðja þá um að kalla það saman og koma fram en eins og gengur voru menn komir út um allt. Í hin og þessu verkefni þannig að það var ekki auðvelt. Írska bandið kom í staðinn og þá var tinflautan nauðsynleg. Ég hef aðeins blásið í hana. Svona af og til. Hún er sérstakt hljóðfæri. Margt skritið við hana og maður þarf að leggja dálítið yfir það verkefni.“

## Jasshátíð á Nesinu

Algennt er að bæjarlistamaður á Seltjarnarnesi standi fyrir einhverju tengt list sinni á Nesinu. Er Ari farin að huga að slíku. „Jú - ég er aðeins farinn að huga að hvað ég gæti gert en það er allt á byrjunarreit enn sem komið er og ef til vill of snemmt að ræða það. En ég hef í huga að koma upp lítilli jasshátíð á Seltjarnarnesi á árinu. Annað hvort með vorinu eða næsta haust.“ Og þar með er Ari rokinn til þess að sinna næsta verkefni en Seltirningar verða að bíða og vona að honum ásamt félögum takist að efna til tónlistarveislu síðar á árinu.



**KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN**

## Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgeinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að víðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



**Framrúðskipti**  
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðtjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



**Mössun / snyrting á lakk**  
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilbóð í lakkmössun og blettanir.



**Dekkþjónusta**  
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í víðgerð.



**Rétting og málning**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



**Bílaþvottur / djúphreinsun**  
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofi. Frir þvottur fylgir öllum víðgerðum.



**Innréttingar / áklæði**  
Tökum að okkur víðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



**Smávíðgerðir**  
Samhlíða víðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

# „Alla tíð reynt að vera með hagkvæm verð“

- segir Guðmundur Reykjalin í Reykjavíkur Apóteki

Reykjavíkur Apótek er fimm ára, hóf rekstur 21. mars 2009 að Seljavegi 2 í Vesturbænum, þegar efnahagskreppan stóð sem hæst. Eigendur eru Guðmundur Reykjalin, Ólafur Adólfsson, Hjördís Ásberg og Margrét Birgisdóttir sem aðeins er eigandi að Reykjavíkur Apóteki. Þrátt fyrir það hefur reksturinn gengið vel að sögn Guðmundar Reykjalin, framkvæmdastjóra.

Reykjavíkur Apótek býður upp á alla almenna lyfjafræðilega þjónustu, gott úrval af vítamínum, snyrti- og hjúkrunarvörum og samkeppnishæft verð. Auk þess er í boði sú þjónusta að senda lyfin heim til þeirra sem eru ellilífeyrisþegar og öryrkjar án gjaldtöku og hefur það mælst mjög vel fyrir enda er stöðug aukning í þeirri þjónustu. Aðeins þarf að hafa samband í síma 511-3340 eða senda tölvupóst á netfangið, reypap@reypap.is

- Þegar lagt var af stað fyrir fimm árum var ykkur væntanlega ljóst að samkeppnin yrði mikil en hafið væntanlega verið með einhverjar væntingar um það hvernig reksturinn mundi ganga?

„Vissulega gerðum við það, og vissum að við vorum að koma í hverfi þar sem þrjú apótek voru fyrir og vissum líka að það yrði erfitt að ná upp góðum rekstri. En við höfum náð þeim árangri sem við gerðum áætlanir um í upphafi, og jafnvel gott betur. Við höfum alla tíð reynt að vera með hagkvæmt verð þó við höfum ekki gefið okkur út fyrir að vera ódýrust, en vitum að við erum með þeim ódýrari og það markmið hefur skilað sér ágætlega, m.a. í mjög mörgum og góðum viðskiptavinum í Vesturbænum, á Seltjarnarnesi og raunar mun víðar. Við vitum líka að okkar viðskiptavinir eru út um allt höfuðborgarsvæðið.“

- Hefur hlutfall samheitalyfja hefur verið aukast á undanförunum misserum?

„Hlutfallið hefur verið nokkuð svipað gegnum árin en apótekunum ber að bjóða þeim sem koma með lyfseðil samheitalyf sem er ódýrara en tilgreint er á lyfseðlinum. En það þiggja það ekki allir þó þeim sé sagt að þetta sé nákvæmlega eins lyf. En það er ekki þar með sagt að það virki nákvæmlega eins í öllum



Guðmundur Reykjalin ásamt starfsmönnum Reykjavíkur Apóteks. F.v.: Guðrún Björg Einarsdóttir, Þorbjörg Friðbertsdóttir, María Jóhannsdóttir, Guðmundur Reykjalin, Margrét Pétursdóttir og Margrét Birgisdóttir.

tilfellum. Um leið og einkaleyfi á lyfi rennur út koma samheitalyfin á markaðinn.“

Ég vil að lokum þakka okkar góða starfsfólki fyrir þann árangur sem við höfum náð og öllum okkar viðskiptavinum í Vestur-

bæ, Seltjarnarnesi og öllu höfuðborgarsvæðinu fyrir viðskiptin og samfylgdina á síðustu árum og vonumst til að þau viðskipti aukist enn frekar á komandi árum,“ segir Guðmundur Reykjalin.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**  
Bíla- og bátarafmagn  
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi



*Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar*  
*Til styrktar kirkjusjóvi Seltjarnarneskirkju*  
*Þau fást á Þejaarskrifstofu Seltjarnarness*  
*Austurströnd 2 - Sími: 595-9100*

16 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON  
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



# SKÓLAHREYSTI

## ÁFRAM SELTJARNARNES!

Skólahreysti - hreystikeppni allra grunnskóla á landinu er hafin. Grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu etja kappi í Skólahreysti fimmtudaginn 27. mars kl. 19:00 í íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi. Það er ókeypis inn og við hvetjum alla grunnskólakrakka til að mæta. Keppnin verður svo sýnd á RÚV í apríl.



SKÓLAHREYSTI ER Í BOÐI LANDSBANKANS

 [facebook.com/skolahreysti](https://facebook.com/skolahreysti)

 [#skolahreysti](https://skolahreysti)



## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Febrúarmánuður og það sem af er mars hefur verið vinnusamur og viðburðaríkur hjá eldri bæjarbúum þessa bæjarfélags. Nikkukvöld var haldið 20. febrúar s.l. Margt var um manninn, mikið dansað og mikið fjór. Þetta var ákveðin tilraun sem heppnaðist það vel að ákveðið hefur verið að fjölga skemmtunum með þessu sniði.

Félagsvist í boði kvennadeildar Slysavarnardeildar Vörðunnar var þriðjudagskvöldið 25. febrúar s.l. Góð mæting var á kvöldið og ekki skemmdi fyrir veisluborð yfirfullt af alls konar krásum og góðgæti. Þetta framlag Vörðunnar til félagsstarfsins er virkilega þakkarvert og vel gert.

Fjölmennt var svo í Selinu kvöldið eftir, þar sem leikinn var skemmtilegur og fróðlegur spilaleikur, en síðasta miðvikudag hvers mánaðar býður unga kynslóðin þeim eldri til samverustundar sem mælist mjög vel fyrir hjá öllum aðilum.

Gróttumessa var í kirkjunni 2. mars. Sönghópur eldri bæjarbúa Gömlu meistaraminn tóku þátt í messunni ásamt Litlu snillingunum og stóðu sig með mikilli þryði eins og við var að búast.

Þriðjudaginn 11. mars var svo komið að bingóinu í Golfskálanum, en þetta er í annað sinn sem Haukur Óskarsson, framkvæmdastjóri Nesklúbbsins býður í bingó / ástarpunga og kleinur. Það er skemmtileg tilbreyting að fá svona boð og vonandi verður framhald á þessu.

Kringlubíó / Kringlukráin. Fimmudaginn 13. mars var farið í bíó. Myndin Gamlinginn sem skreið

út um gluggann og hvarf þótti hæfa tilefninu, en þetta er í fyrsta skipti sem hópurinn fer saman í bíó. Myndin þótti nokkuð myndin og skemmtileg. Eftir sýninguna fjölmennti hópurinn á Kringlukrána og gæddi sér á góðri súpu ásamt brauði og tilheyrandi. Skemmtilegt kvöld.

Framundan er ýmislegt í boði fyrir utan hefðbundna dagskrá, en það má nefna:

**Alla mánudaga kl. 13.30** (nema annað sé tekið fram) er lestrarstund í salnum Skólabraut þar sem Sólveig Pálsdóttir, rithöfundur les og ræðir skáldsögu Böðvars Guðmundssonar; Híbýli vindanna.

**Fimmudaginn 20. mars kl. 13.30.** Bingó á Skólabraut.

**Fimmtudagskvöld 25. mars kl. 19.30. Spilakvöld Lyons** á Skólabraut. Það er fastur liður á hverju ári að klúbburinn býður eldri borgurum í félagsvist. Allir velkomnir.

**Miðvikudagskvöld 26. mars kl. 20.00.** Selið /samvera yngri og eldri.

**Fimmudaginn 27. mars / „óvissuferð“.** Listasafn Einars Jónssonar verður skoðað undir leiðsögn. Eftir heimsóknina þangað verður farið í Kaffi Loka og þar sem boðið verður upp á kaffi og góðgæti. Skráning á Skólabraut eða í síma 8939800.

**Fimmudagur 3. apríl kl. 13.30.** Félagsvist á Skólabraut.

**Sunnudagur 6. apríl kl. 19.30. Þjóðleikhúsið / Spamalot.** Rúta frá Skólabraut kl. 18.45. Skráningarblað á Skólabraut. Þeir sem hafa hug á leikhúsférf eða vilja spyrjast fyrir um aðra dagskrárliði hafið samband í síma 8939800 eða sendið póst á kristinh@nesid.is

## UMHVERFISHORNID

### Vorverkin í garðinum

Á vorin þarf að yfirfara garðinn og laga allt sem aflaga hefur farið um veturinn. Matjurtabeð þarf að stinga upp og gera tilbúin um leið og frost fer úr jörðu.

Þegar vorhret og næturfrost eru að mestu um garð gengin má fara að huga að því að taka til í blómabeðum og runnabeðum.

Það borgar sig ekki að vera of snemma á ferðinni eða vera of „vandvirkur“. Grasflötina þarf að yfirfara á hverju vori. Laga þarf ójöfnur með sandi og ef til vill skera burt fífla og reyta burt sóleyjar og annað illgresi áður en það nær róffestu.

#### Klippingar lauftrjáa


Klippingar eru flestum garðtrjám nauðsynlegar til að þau þrífist sem best. Greinar sem eru dauðar, sjúkar eða skemmdar valda trénu vanþrífum og ber að fjarlægja. Einnig geta ytri aðstæður trjáa valdið því að vöxtur og útlit verður ekki í samræmi við væntingar eigandans, t.d. vegna lítils rötarrýmis, skugga eða samkeppni við annan gróður. Því getur reynst nauðsynlegt að „lagfæra“ vöxtinn á ýmsan hátt. Tilgangur klippinga á stofntrjám er „hjálpa“ trénu að þroskast og vaxa í samræmi við upphaflegan tilgang og óskir eigandans.

#### Hvenær er rétti tíminn?

Besti tíminn til trjáklippinga er nokkuð umdeildur. Oftast er talað um að tímabilið **síðla vetrar og fram á vor** sé best, því þá er greinabygging (beinagrindin) best sýnileg. Svokölluðum blæðurum eins og birki, hegg og hlyn byrjar að blæða í byrjun apríl og blæðir fram í lok júní. Minniháttar klipping á blæðurum kemur þó ekki að sök á þessu tímabili. **Eftir laufgun** frá lok júní og fram í lok júlí er plantan í mestum vexti. Sá tími þykir mjög ákjósanlegur til stærri klippinga því þá er tréð í bestri aðstöðu til að bregðast við klippingunni og loka á sárið.

#### Snyrtur gróður við lóðarmörk!

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í gördum sínum. Þar sem gróðurinn vex með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir þau eða slúti þannig yfir að hætta sé af. Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umferðarmerki, götu-merkingar eða götulýsingu. Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega. Best er að gera það þegar tré og runnar eru enn ekki laufgöð og greinabygging því vel sýnileg.



#### Hreinsunardagur

Hreinsunardagur verður á Nesinu 26. apríl nk. Þennan dag gefst bæjarbúum kostur á að setja bundnar trjágreinar og jarðvegsúrgang í pokum út á gangstétt. Starfsmenn bæjarins munu að hreinsunardegi loknum hirða upp úrganginn.

Heimildir: Blómaval og Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri.

F.h. umhverfisnefndar Margrét Pálsdóttir, formaður

## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

## ÓDÝR HÚSGAGNA-, DÝNU- OG TEPPAHREINSUN

Við djúphreinsum: rúmdýnur, sófasett, tungusófa, hægindarstóla, teppi og mottur.

S: 780 8319 • Email: djuphreinsa@gmail.com

**Guðmundur Ari Sigurjónsson skrifar:**

## Byggjum yfir börnin okkar

Guðmundur Ari heiti ég og skipa ég annað sæti á lista Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar nú í vor. Ég er 25 ára gamall og starfa sem verkefnastjóri. Ég býð mig fram vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að bæjarstjórn sveitarfélagsins sé ekki of einsleit og þar fái fjölbreytt sjónarmið bæjarbúa á öllum aldri að hljóma. Mikið hefur hallað á stöðu ungs fólks á Nesinu síðastliðin ár og hafa ákvarðanir bæjarstjórnar í húsnæðismálum haft skelfileg áhrif á húsnæðismarkað á Nesinu þar sem engin aukning hefur orðið á litlum og meðalstórum íbúðum. Þetta hefur leitt til þess að ungir Seltirningar komast ekki inn á fasteignamarkaðinn á Nesinu og neyðast til að flytja á brott.

Lausn bæjarstjórnarmeirihlutans var að láta byggja lúxusíbúðir sem leið fyrir eldra fólk til að minnka við sig og svo átti ungt fólk að flytja inn í stóru einbýlishúsin. Við á Nesinu vitum þó í dag hversu stór mistök þessi ákvörðun var þar sem fáir vilja selja einbýlishúsið sitt og taka á sig aukalán til að flytja inn í fjölbýlishús. Einnig er óraunhæft að ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaði hafi efni á að fjárfesta í stórum einbýlishúsum.

### Meðalaldur fer hækkandi

Stefna meirihlutans hefur leitt til þess að meðalaldur á Seltjarnarnesi fer sífellt hækkandi og heildaríbúafjöldi sveitarfélagsins fer minnkandi þrátt fyrir aukið framboð á húsnæði. Sem dæmi má nefna að árið 1998 bjuggu samkvæmt Hagstofu 4602 íbúar á Seltjarnarnesi en árið 2013 bjuggu aðeins 4322 á Nesinu sem er rúmlega 6% fækkun á meðan rúmlega 18% fjölgun var á íbúum á landinu öllu. Einnig er áhugavert að skoða að þrátt fyrir að íbúum á Seltjarnarnesi hafi fækkað á þessu tímabili þá hafa íbúar á Seltjarnarnesi sem eru yfir 65 ára og eldri fjölgað úr 442 upp í 685 en það er 55% hækkun á 15 ára tímabili. Afleiðingar þessa breytta samfélagsmynsturs er svo að börnum



**Guðmundur Ari Sigurjónsson.**

fer mjög fækkandi á Nesinu sem grefur undan sterkri stöðu skólana og íþróttafélagsins þar sem 25% færri nemendur eru í Grunnskóla Seltjarnarness en voru fyrir 6 árum síðan. Stjórnendur Gróttu og grunnskólans þurfa nú að starfa í síbreytlegu sveifluumhverfi þar sem þeir þurfa alltaf að vera bregðast við aðstæðum með því að fjölga eða fækka starfsfólki eftir árgangastærðum. Í slíku umhverfi er erfitt að byggja upp það faglega og stöðuga starf sem börnin okkar eiga skilið.

### Skilningsleysi á stöðu ungs fólks

Nú vil ég ekki hljóma eins og ég hafi eitthvað á móti því að eldri borgarar búi á Nesinu enda eru eldri borgararnir stórvinir mínir og hef ég unnið náð með þeim í hinu ýmsa félagsstarfi. Það sem ég vil aðeins benda á með þessum tölum er að stefna bæjarins hefur grafið mjög undan stöðu ungs fólks á Nesinu og er það óásættanlegt. Þar sem ég þekki vel til núverandi bæjarfulltrúa okkar þá veit ég að þessi stefna er ekki gerð af illgírni við ungt fólk heldur frekar vegna skilningsleysi á stöðu ungs fólks, sem er kannski skiljanlegt þar sem yngsti bæjarstjórnarfulltrúinn er um fimmtugt. Ákvarðanir eru jú teknar af þeim sem taka þátt og ef við Seltirningar viljum halda stöðu okkar sem sterku sveitarfélagi en ekki aðeins hverfi fyrir eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu þá er mikilvægt að við breytum hugsunarhætti okkar og hvernig við veljum inn í bæjarstjórn.



## Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Innritun er hafin í Tónlistarskóla Seltjarnarness fyrir skólaárið 2014 - 2015 á Rafrænu Seltjarnarnesi og stendur yfir fram til **22. apríl n.k.**

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans alla virka daga frá kl 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut  
Sími 5959-235 • tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is  
www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli

Skólastjóri



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfarastjóri



Frimann Andrésson  
útfararþjónusta



Jón Bjarnason  
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elfíasson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

**NES FRÉTTIR**

**Auglýsingasími 511 1188**



## 7. flokkur á Ákamóti HK Íslandsmeistaramótið í Kraftlyftingum

Ákamót HK í 7.flokki karla fór fram í byrjun febrúar. Mótið fór fram í Íþróttahúsinu Kórnum í Kópavogi og er þetta í 18. sinn sem mótið er haldið. Um er að ræða stærsta handboltamót í landinu þar sem yfir 1000 keppendur taka þátt. Gróttu sendi sex lið til keppni úr 7. flokki drengja en talsverð fjölgun hefur verið í flokknum að undanfögnu. 36 keppendur mættu fyrir hönd félagsins og stóðu sig vel eins og búast mátti við.

Í 7. flokki er leikið samkvæmt minniboltareglum HSÍ þar sem 4 leikmenn eru inn á hverju sinni og þátttaka hvers leikmanns hámarkuð. Markarskor er ekki talið þó að margir keppnismenn leggi það á minnið í leiknum. Aðalatriðið er þó að minnst þess að þetta er leikur, sérstaklega í þessum flokki og mikilvægt að þetta er gaman. Gróttudrengirnir stóðu sig mjög vel og öttu kappi við fjölmörg lið um helgina. Flott tilþrif sáust á mótinu hjá strákunum, allt frá einföldum gabbhreyfingum, hornaskotum og upp í þaulæft leikkerfi. Drengirnir hafa bætt sig með hverju mótinu í vetur og greinilegt að æfingin skilar sér. Næsta mót hjá drengjunum er á Selfossi í byrjun apríl og er mikil tilhlökkun hjá drengjunum fyrir það mót.



Hluti af Gróttustrákunum sem tóku þátt í Ákamóti HK.

um, hornaskotum og upp í þaulæft leikkerfi. Drengirnir hafa bætt sig með hverju mótinu í vetur og greinilegt að æfingin skilar sér. Næsta mót hjá drengjunum er á Selfossi í byrjun apríl og er mikil tilhlökkun hjá drengjunum fyrir það mót.



Gróttu átti glæsilega fulltrúa sem tóku þátt í Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum.

Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir úr Gróttu gerði sér lítið fyrir og sigraði með nokkrum yfirburðum á Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum sem fór fram í Njarðvík laugardaginn 8. mars. Ragnheiður keppti í 52 kg flokki og lyfti hún samtals 373,5 kílóum.

Gróttu átti glæsilega fulltrúa að vanda á þessu móti og í flokki unglunga sigraði Arnhildur Anna Árnadóttir og Ása Ólafsdóttir sigraði í öldungaflokki. Gróttumenn fóru

heim hlaðnir verðlaunum en þeir unnu til samtals fimm gullverðlauna, tvennra silfurverðlauna og þrennra bronsverðlauna ásamt því að setja fjölda unglunga- og Íslandsmeta. Þá sigraði Gróttu í liðakeppninni, þriðja árið í röð og er þar með komin með töluvert forskot í stigakeppninni fyrir árið 2014 en markmiðið er að sjálfsgöðu að halda bikarnum á Seltjarnarnesinu þar sem hann á heima.

## Úrtakshópur drengja valinn

Úrtakshópur fyrir drengi fædda árið 2000 var valinn í lok janúar. Heimir Ríkarðsson þjálfari liðsins valdi hópinn en í þetta skiptið var valinn stór hópur.

Gróttu átti þrjá fulltrúa í þessum hópi, þá Jóhann Þór Gunnarsson, Nökkvi Norðfjörð og

Vlado Glusica. Þetta eru allt leikmenn sem leika með 5. flokki karla. Jóhann Þór leikur sem línumaður, Nökkvi er leikstjórandi og Vlado er skytta. Strákunum er óskað til hamingju með valið og vonandi verða þeir aftur valdir í næsta úrtakshóp sem valinn verður í apríl.

## Nesbúar fjölmenntu á leik gegn Stjörnunni

Seltirningar og annað Gróttufólk fjölmenntu í Höllina þegar meistaraflakur kvenna lék gegn Stjörnunni í undanúrslitum Coca Cola bikarsins í Laugardalshöllinni fimmtudaginn 27. febrúar sl. Leikurinn fór fjórlega af stað og léku okkar stúlkur á alls oddi fyrstu mínútur leiksins. Leikurinn jafnaðist síðan og var hnífjafn þegar skammt var eftir að fyrri hálfleik, 10 til 10. Þá sigu Stjörnustelpur fram úr og voru með þriggja marka forskot í leikhléi 16 til 13.

Þessi munur hélst á liðunum stærstan hluta síðari hálfleiks og var Stjarnan aðeins sterkari. Þegar 10 mínútur lifðu leiks komust Stjörnustúlkur sex mörkum yfir en þá kom góður kafli Gróttustúlkna en því miður dugði það ekki til og þriggja marka tap staðreynd. Markaskor Gróttu: Eva Björk Davíðsdóttir skoraði 8 mörk, Tinna Laxdal skoraði 5 mörk, Unnur



Eva Björk gefur á Lene í bikarleiknum.

Ómarsdóttir skoraði 4 mörk, Lene Burmo skoraði 3 mörk, Sóley Arnarsdóttir skoraði 2 mörk, Laufey Ásta Guðmundsdóttir skoraði 2 mörk, Guðný Hjaltadóttir skoraði 1 mark og Anett Köbli eitt 1 mark. Í markinu varði Íris Björk Símonardóttir 24 skot og Elín Jóna Þorsteinsdóttir tvö skot. Handknattleiksdeild Gróttu vill þakka öllum þeim sem mættu í Laugardalshöllina fyrir stuðninginn og vonar að allir mæti á næstu leiki meistaraflakka næstu vikurnar.

GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER  
170



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

### Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.  
12:00 til 15:00  
Fimmtudaga  
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30  
Föstudaga  
13:00 til 19:30  
Laugardaga og Sunnudaga  
13:00 til 18:00  
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags  
10:00 til 15:00



Magnús Örn Helgason Seltirningur ársins l.t.h ásamt félögum.

## Magnús Örn Helgason Seltirningur ársins hjá Gróttu

Porrablótið á Nesinu sem haldið var í Félagsheimilinu þann 1. febrúar s.l. var einstaklega vel heppnað í alla staði. Gestirnir komu sjálfir og skreyttu borð sín fyrr um daginn og þykir fólki það vera mikil stemning og að sjálfsögðu voru veitt verðlaun fyrir flottasta borðið.

Veislan sá um að töfra fram matinn sem var glæsilegur í alla staði. Veislustjóri kvöldsins var Sólmundur Hólm, annáll var í höndum Þórs Sigurgeirssonar, stelpurnar úr kraftlyftingadeildinni sýndu magadans, Ingó Veðurguð tók lagið við miklar undirtektir úr salnum, happaðrættið var með glæsilegum vinningum. Seltirningur ársins var að þessu sinni Magnús Örn Helgason en hann hefur unnið frábært starf hjá knattspyrnu-



Porrablótsnefndin, Hannes, María Fjóra, Karítas, Ísak og Davíð.

deild Gróttu og síðan sá Margrét Erla Maack um tónlistina langt fram eftir nóttu. Gestirnir skemmtu sér konunglega og hlökkum við til að endurtaka leikinn að ári.



Íslenskt handverk  
Ný útfærsla í silfri  
Fjórar stærðir

Skartgripur með trúarlega merkingu seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi. Fæst í skartgripa- og gjafaverslunum og á [www.blind.is](http://www.blind.is).

BLINDRAFÉLAGIÐ  
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAD 1939



Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • [www.blind.is](http://www.blind.is)

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Friðrik Árni Halldórsson. Hann er 19 ára uppallinn Seltirningur og stundar nám við Menntaskólann í Reykjavík. Hann fer með aðalhlutverkið í uppsetningu Herranætur, leikfélags MR, á verkinu Títus eftir Shakespeare sem nú er sýnt í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. Einnig er hann meðlimur í Ungmennaráði Seltjarnarness.

**Fullt nafn?** Friðrik Árni Halldórsson.  
**Fæðingard. og ár?** 15. febrúar 1995.  
**Starf?** Nemi við Menntaskólann í Reykjavík.

**Farartæki?** Strætó.

**Helstu kostir?** Jákvæður, hress og á það til að vera skemmtilegur.

**Eftirlætis matur?**

Vel eldað lambakjöt með tilheyrandi.

**Eftirlætis tónlist?** Góð tónlist.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Hef haldið upp á David Beckham frá því að ég var polli.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Chuck er í miklu uppáhaldi og svo er Arrested Development einnig frábært.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Allt sem kemur frá Dan Brown er virkilega gott, sérstaklega Englar og djöflar.

**Uppáhalds leikari?** DiCaprio er flottur í nánast öllu sem hann gerir. Hér heima er það líklegast Ólafur Darri.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

Mjög margar góðar, en ef ég þyrfti að nefna eina væri það líklegast Se7en.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?**

Reyni að hitta vini mína og gera eitthvað skemmtilegt. Enda samt of oft á því að sitja heima í tölvunni.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?**

Stykkishólmur í góðu veðri er augnakonfekt. Svo sá ég ótrúlega flott norðurljós út í garði um daginn. Það var magnað.



**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Húmor, jákvæðni og heiðarleika.

**Hvern vildir þú helst hitta?**

Væri rosalega til í að eyða einu kvöldi eða svo með Chuck vini mínum

**Uppáhalds vefsíða?** Facebook og Twitter eru mest notaðar.

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?**

Góð spurning. Ég veit það ekki. Pening kannski, er það ekki alltaf klassískt?

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?**

Ég myndi gera eitthvað klinkað. Nei samt ekki, myndi örugglega leggja þær inn á bók.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?**

Halda áfram að gera vel í málefnum ungs fólks á Seltjarnamesi og styðja við bakið á þeim.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Stefni á að ná 5. bekk í vor og fara í útskrifaferð til Marokkó um sumarið.

Lengra er ég ekki kominn.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**

Ég sá um félagsstarf eldri borgara á Seltjarnamesi. Einnig fór ég í ógleymanlega ferð til Svíþjóðar með Ungmennaráðinu þar sem við tókum þátt í ungmennaskiptum við sænskt ungmennaráð.

**Ræstingar / Teppahreinsun  
Steinteppahreinsun / Bónvinna  
Meðhöndlun Náttústeins  
Hreingeringar / Flutningspríf  
Húsfélagþjónusta ofl.**

**Ræsting og Ráðgjöf ehf**

Ahliða hreingerningþjónusta

S. 519 7500 • 770 4630

[www.clean.is](http://www.clean.is)



*göðgæti frá Jóa Fel*

## Bakarí Jóa Fel við Hringbraut

Í nýju og glæsilegu bakaríi Jóa Fel við Hringbraut (JL-húsinu) er boðið upp á einstakt úrval af steinbökuðum gæðabrauðum, samlokum og heitum réttum, ásamt girnilegum kökum og kruðeríi.

Bakaríið er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18 og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



\*Samkvæmt greiningu Creditinfo.

B A K A R Í

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut